Súønnur skírsla frá því Íslendska Evangeliska Smábóka Félagi.

Hid íslendska Smárita Félag hefir þá gledi, ad géta hér med í annad sinn opinberliga í ljósi látid sitt þacklæti fyrst vid Gud, frá hvørjum øll blessan kémur, og þarnærst vid þad góda fólk, utanlands sem innan, er Félagid med rádi og dád styrkt hefir, til ad framhalda þess fyrirtæki: ad útgéfa andlig smárit til eflingar sønnum Christindómi; og þar med feta í fótspor annara þessháttar Félaga í heiminum. Sídan hin skírsla um Félagsins fyrirtektir og ástand útgéfin var, hafa 5 slags ritgiørdir, under Nr. 18 til 22, vidbæst. nl.

Nr. 18. Sextán stuttar hugvekjur útlagdar og økkud leingdar, eptir No. 38 í þeim eng. smáritum.

Nr. 19. Syndaranum vísad til sáluhjálparans, eptir No. 128 í engelskunni.

Nr. 20. Syndin er eckert gamanspil, sem er Nr. 66 hjá engelskum.

Nr. 21. Ræda um Sjálfsmord, útlagt úr dønsku; krumritid skal feingid hafa mjøg svo ljúfa útbreidslu í Kaupmannahøfn.

Nr. 22 Hin farsæla fátækt, eptir Nr. 99 í þeim engelsku ritlíngum.

Af þessum smáritum hefir Félagid útgéfid um 4 þúsund, og af þeim næstu á undan frá Nr. 13 til 17 jafnmorg; hvorsvegna þad hefir yfir höfud af sínum smáritum útgéfid, frá fyrstu byrjun, nú í 5 ár ad telja, alls 17 þúsund og 4 hundrud, undir 22 Nrum. Þar ad auki hefir þad útgéfid á parti skírslu um uppruna, augnamid og framgáng andligra Félaga í heiminum og é.á lagi vors íslendska, ásamt med reikníngi yfir inn- og út-gjöld sín frá upphafi til útgaungu Aug. 1818.

Kostnadur til útgáfu Ritlínganna, undir Nr. 1 til 12, var, eptir þess fyrra reikníngi, ordinn:

	1482 Rbd.	65 ß.
Nú hafa sídan vidbætst fyrir No. 13 til 22	389 —	48 -
Er svo kostnadurinn ordinn yfir höfud	1872 Rbd.	17 ß.

Hvar-med þó ecki er reiknud nein fyrirhöfn né flutníngar innanlands, ei heldur innheftíng á Nr. 13 til 22, né ýmisligt fleira, heldur ad eins sá kostnadur sem í Kaupmannahöfn gjordur og goldin er. Því flútníng ritanna híngad til lands hefir Kaupmadur J. Gudmann alls eckert, nema skyldugt þacklæti af Félaginu, fyrir þégid. En til ad standa kostnadinn á öllu þessu, hefir þad fyrst notid, sem fyrri, adstodar kaupmanna hér

fyrir nordan, hvørjir med endurnýudum forskot-um 1817, ad hinum fyrri endurgoldnum, hafa tillagt því utanlands.

Hr. Gudmann á Eyaf.	51 Rd.	59 ß.	Öll þessi Forskot gildru, eptir, þá verandi gángverdi, nærfeld móti 205 Kúm ullar.
— Thyrrestrup .	51 —	59 -	
— Lever . . .	23 —	79 -	
— Boge á Húsavík	33 —	76 -	
— Havsteinn á Hofsós	33 —	76 -	
— Schram á Saga-strønd	42 —	25 -	
	236 Rd.	26 ß.	

Þar fyrir utan hefir Grosseri Hammerick í Khøfn. lánad Félaginu nærstl. vetur 50 Rbd., enda þó hann ætti hjá því 136 Rbd. ádur, og Kaupmádur Gudmann lánadi því uppá nýtt 100 Rbd.; bádir þessir edallundudu heidursmenn aldeilis rentulaust. Þessir til láns teknu peníng-ar eru sumpart aptur útbetaladir, sumpart standa ur gildi þeirra í bókum Félagsins.

En einkum hafa mikilvægar fríviljugar gjafir frá þeim íslendsku lærdu borgurum vid háskólann í Khøfn., frá nockrum prestum á Fjóni, frá ýms-um gódum mønnum hér í Eyafjardar sýslu, og loksins frá Húnavatns sýslu, gégnum þá heidurs verdu menn, Administrator B. Olsen og Diákna Hallgrím Jónsson, merkiliga styrkt þessa Félags adburdi. Hér ad auki hafa bædi þessir sídst nefndu gódu menn og margir adrir stodad Félags

ritanna útbreidslu medal almúgans, og jafnvel á eiginn kostnad géfid sum út þeim fátækari; enda þó verd þess sem seldt er, sé látid vera svo lágt, ad allir, sem vilja, sjá meigi, ad tilgángur Félagsins med sinna ritgjørda útbreidslu, sé ecki eigid heldur annara gagn. En nøfnum flestra þeirra, sem gjøfum, og útbreidslu ritanna hafa þetta Félag styrkt, lýsir medfylgjandi registur. O! ad allra þeirra nøfn mættu eins í þeirri lifandi bók lambsins skrifud finnast! (Op. 13).

Þannig hefir nú Gudi þóknast ad uppvekja ýmsra hjørtu Félagi þessu til adstodar, hvørjir ei hafa eptir sér talid nockra peninga né tíma-søun til hjálpar vidleitni þeirri, ad efla Guds og hans Christís dýrd, sannfærdir um, ad Gud tekur vidleitnisfullan vilja til hins góda, fyrir verk, og hans — en ecki mannanna — er ad gefa ávøxtinn. Hefir og ritlingum Félagsins verid af mørgum ýngri og eldri mikid vel á móti tekid, og viss merkur madur hefir skrifad: "ad nockur 6 til 8 vetra gømul børn hafi ecki einúngis ónevdd, heldur med innilígri laungun, lagt sinn litla skerf til Félagsins, og ad sum þeirra hafi grátid mjøg, nær fainbúdu sér, þeim mundi þad bannad verda, hvad þau hafi þó ei þurst ad óttast." Vel skynugur bónda madur hefir vidurkennt; "ad ádur enn hann lesid hafi Nr. 12 í smáritunum, hafi hann verid aldeilis sømu þánka um Christinndóminn, sem bóndi sá þar talar vid prest sinn,

og þeinkt ad útvortis rádvendni einber, ásamt vanaligri kyrkjurækt og þessháttar, væri allt þad sem af manni til sáluhjálpar útheimtist; en vid lesníngu rits þess, og þar med fylgjandi bendíngu Guds anda, undir sjúkdómi, hafi hann sannfærst um annad". Viss fátæk barnamódir vildi vinna til, ad draga vid sig og sína lítid eitt af þeirra annars nauma dagliga fædi, til ad géta, ásamt biblíunni, keypt nockur af ritum þessum handa börnum sínum, svo þau gjætu af þeim uppbyggíngu haft fyrir sálir sínar. Fleiri vidlík dæmi væri mér ecki ómöguligt — eins og adrar þjódir gjöra — ad tilleida, en eg læt þetta ad sinni nægja.

En þó ad vísu gétist líka nockrir í bland, er falla rit þessi midur, er sídst ad furda, medan skýnsemi og trú eru ecki, í hvörs manns hjarta, ordnar aldeilis á eitt mál sáttar. Sú fyrri leitar heldst ad því málsnotra og heimspekiliga sem hetrar sidina, til manna fremdar, fagnadar og luckn hér í lísi, hin sídari ad þeirri einföldu Guds speki, í þeim krossfesta Christo, sem betrar hjartad, á veigi audmýktarinnar, til eilífs lífs. Nú þó ritgjördir hins fyrra slags, séu, innan sinna takmarka, vissuliga gagnligar, en einkum hæfar til ad afla sínum höfundum hródurs fyrir vísindi og mælsku, mun þó ad lyktum sú raun á gjörast ad þad «ordid af krossinum» í öllum sínum einfalda búnadi, verdur þad sem einskostar frelsar

sína ódauðligu sálu. Sá sem nú allra helldst leitar hins fyrra, leitar þess forgéfins í ritlíngum Félags vors, hvörjir ella væru ótrúir sínu áugnamiði. Og svo sem þeir helldst samdir eru fyrir álmúga, sem lítinn tíma hefir til lestrar, þá eru þeir bæði stuttir og með einföldu orðalagi. Ecki það, að efni þeirra sé ecki jafnnauðsýnligt fyrir lærða sem leika, helldur hitt, að hinir géta hast aðrar andligar bækur sama efnis og fullkomnari, ef vilja, til að lesa sér til uppbyggíngar; og séu þeir þess sinnis, munu þeir fyrir víst unna Félagi voru, en ei ama. Það er satt, að biblían er sú besta og heilagasta bók undir sólu; hún er það lækniSdóma hús, í hvörju einu, og hvörgi ella, fást meðöl við meinum sálarinnar; en að hún sé þó af allt of fáum brúkuð, sem ber, vottar sá þeckjanligi sjúkdómur, sem drottnar í forkjunnar líkama meðal vor; sá sem það ecki sér, er hætt við að sé af þeim sjúkdómi sjálfr ofhertekinn. Nú á það að vera aðalaugnamið allra, hvört helldur taladra eður skrifadra, evangeliskra kénnínga, að leiða mannesskjur til þeckíngar þessa sjúkdóms síns, áminna þær til að leita sér í tíma lækníngar við honum, út af ritníngunni, kénna þeim að vleja meðölin og brúka þau, og loksins leggja þeim ráð til að varðveita feingna heilsu. Til þessa stóra verks erum vér prestar sérilagi settir, í hvörju foreldrar og húsbændur eiga að vera vorir bestu aðstoðarmenn.

Ad til þessa verks útheimtist kostgjæfni mikil og forsjálni, mun eingin sá neita, er setur sér fyrir sjónir mannligrar spillíngar magnligu stærd, og torveldnina ad fá hana í sér og ødrum yfirbugada. Þessar lækníngar til raunir gjørum vér ad vísu ad nockruleiti med kénníngum vorum í kyrkjunni á helgum døgum; en fyrir utan þad sem þetta er hinn minsti og léttasti partur skyldu vorrar í því efni, svo er uggvænt ad þad sjaldan, bædi vanans og annara orsaka vegna, færi øllu meiri ávøxt, til fullkominnar heilsubótar, enn svarar samlíkíngu Jesú hjá, Math. 11, 16—19. Og skulum vér þá láta vid svobúid standa? Til annars áminnir Post. Paull. 2 Tim. 4, 2 og ødruvísu bar hann sjálfur sig ad Gb. 20, 19—21. Bædi med ordi og verki utankyrkju kunnum vér eingu minni betrun til vegar koma, en ella; gott eptirdæmi í dagligri umgéngni, og gudligt samtal, gjørir opt stødugri uppbyggíngu, enn málsnjøllustu rædur, sem fljótt heyrast og fljótt gleimast, og góð vekjandi rit og bækur hafa þad fram yfir eina talada rædu, ad þær kunna optar ad yfirvegast og grundast; rædan ecki nema alls einu sinni. Svo þó rædan kunni ad hræra meira um sinn sakir, sannfærir athugasamur lestur ecki minna á eptir. Og þad er satt sem einn hálærdur hefir sagt: «Bækur betra tryggiliga, en med lángsemi". Þessvegna hvad snertir tilraunir Félags vors, med ritum ad efla sannan Christin-

dóm, þurfum vér ecki uppgéfast né örvænta, þó sá æsktí ávöxtur láti sig ecki strags í ljóst. Það er vort að planta og vökva, en Guðs að géfa ávöxtinn. En sáum vér trúir í vorum atburðum, hvörsu miklu síður mun þa Guðs trúfesti bregðast? Oss sæmir ecki að vera óbráðlátum, heldur, eins og akurmaðurinn, að ví'a plægja í voninni (1 Cor. 9), en bíða þó þolinmoðliga, þar til himinin sendir kvöld- og morgun-skúra (Jac. 5) og það mun víst ské á sínum tíma.

Þeir sem nú unna Félagi voru, af því þeirra eigin og annara sálar-velferð liggur þeim á hjarta, munu sjálfir, án minnar bendíngar, finna, hvör not þeir af lestri smábóka þess, hafa meiga. Þeir munu finna, að svo sem allt á því ríður, að sannfærast um ritníngarinnar Guddómleika, þar hún er sá einasti grundvöllur Christindómsins, að hvörjum veiklundum að heilu byggíngunni er hrópun búin, þá sé lestur þess 12 Nrs. í smáritunum til þess augnamiðs, gagnligur.

En svo sem eingin lestur, hvörki ritníngarinnar, né annara andligra bóka gagnar, nema hann sé með réttu hugarfari, munu þeir ei neita að Nr. 15 géfi þar til ýmisar nota-sælar reglur. Nú af því mannlig skynsemi er altíð auðug af vantrúar mótmælum og skaðligum efamælum, þeirri sönnu trú til meins og mæðu, mun athugasamur lestur þess 1 Nrs.,

jafnvel þess 2rs og 17da þénad géta, í því tilfelli, veikri trú til styrkíngar; og þar sem allra mest á því ríđur, ađ sá réttlætandi grundvöllur trúarinnar, sem falinn er í Jesú friđþægíngu, en eingu ødru, sé óraskanliga lagdur í sálunni, þá mun andagtugur lesstur Nr. 14 stođa þar mikiđ til! Þó af því ađ hvørki er bókstaflig þekkíng né samsinníng sannleikans einhlýt, en manneskiunni, af náttúrunni ofurhætt viđ andvaraleysi og því, ađ fylgja ecki, af neinni alvøru, því sem hún kannast þó viđ ađ gott og rétt sé, svo þetta er þađ skjædasta og algeingasta mein sem á alla stríđir, og mørgum verđur ađ sálartjóni, þessvegna eru þeir flestir af ritlíngum Félagsins stíladir móti þessu sjúkdóms kyni, einkum Nr. 3, 5, 7, 8, 12, 18. En þó þađ sé anmarki allra þesshattar sjúklínga, ađ þeir hafa litla lyst til ađ heyra eđur lesa uppvekjandi bækur, er þó eingum þađ nauđsýnligra, enn þvílíkum. O! ađ Guđs anda kraptur vekji þá alla vøldugliga!

Loksins svo sem þađ er einum sárþjúkum stór hugstyrkíng, nær hann veit, ađ einhvør hønum jafnsjúkur, hefir af því sama međali, sem hønum ráđlagt er, feingiđ góđu heilsu, svo hann, góđrar vonar um bata sinn, uppørfast heldur til ađ brúka þađ, þó í fyrstu óađgeingiligt og beiskt þyki, svo meiga og dæmi annara, sem fyrir Guđs náđ og orđ umvendst hafa verđa kryptug upp-

yrfan sérhvorjum andliga sjúkum syndara, til ad leita, med sýnu adferd og hinir, sálum sínum heilsubótar; hvorsvegna ad lesstur Nr. 4, 6, 9, 11, 16 og 17 er í þessu tilliti nærsta þarflígur.

Í einu ordi: adal innihald allra þessara smárita er sá eiginligi kjarni Evangelii, sem Nr. 19 bendir til; sá neínilig: «ad vísa sannydrandi Syndara, sem hólpin vill verda, til sáluhjálpara vors Jesú Christs, svo sem Guds lambs, sem burtuborid hefir heimsins syndir". Já, þau einkenni hreinustu trúarbragda, eptir Jesú og hans Postula lærdómi, sem kénnifadir nockur rádlagdi sínum söfnudi ad hafa til marks, vid ranfókn hvors þess lærdóms, sem undir christiligra trúarbragda nafni bodadur væri, þessi nefniliga: ad sá sem mest 1) audmýki syndarann, 2) heidri Frelsarann, og 3) frami gudligt líferni, sá sé vissuliga hinn besti, óhultasti og ritníngarinnar anda samkvæmasti trúarlærdómur, þessi einkenni — þessi ótáldrægu einkenni — skulu oll finnast í ritlíngum þeim, sem Félag vort útgéfur.

Þessvegna, allir þér, sem, ásamt med oss, byggid von ydar sáluhjálpar yfir þann eina óraskanliga grundvoll: Jesúm Christ þann krossfesta, styrkid vort Félag, eflid þess fyrirtektir, framid þess útbreidslu! O látum oss ecki skammast vor fyrir hann, né þad «Ordid af hans krossi" ad vidurkénna þad opinberliga fyrir heiminum, svo hann

ei ecki þurfi ad skammast sín fyrir oss, ad játa oss sína brædur og samarfa, nær hann ásídan koma mun, í dýrd síns Fødurs, með heilogum einglum, til ad dæma allan heiminn með réttvísi. (Marc. 8, 38.)

Nú fylgir hér á eptir

1. Registur yfir velgjordamenn Félagsins utan- og innan-lands.

A. utanlands hafa, eptir skírslum frá þess fullstrúum í Kaupmannahøfn, fyrst Herra Th. Oefiord, og sídan Herra G. Oddsen, þessir gefid Félaginu:

	1819	1820	
	Rdd.	Rdd.	ß.
Yfirauditor, Býfógeti Hra G. Jonson	5	3	
Yfirréttar Assessor Hra B. Thorstensen	5	2	48
Cancellie-Secretere Hra W. Thorarensen	3	2	
Cadet-Informator Hra G. Oddsen	5	2	48
Candid. Júris Hra O. St.		2	
Stephensen	3	2	
Candid. Júris Hra J. Finsen	3	2	
Cand. Júris Hra B. Erichsen	3		
Candid. Pharmac. Hra O. Thorarensen	3	2	

	1819	1820
	Rbd.	Rbd.
Studiosf. Júris Hra L. Thorarensen	3	2
Studiosf. Júris Hra M. Stephensen	3	2
Cand. Medic. Hra O Thorarensen	3	2
Candid. Theol. Hra Sv. Eigelsen	3	,
Candid. Theol. Hra G. Brynjulvsen	3	2
Candid. Theol. Hra H. Thordarsen	1	,
Studiosf. Theol. Hra Th. Hjalmarsen	3	2
Verdslunarmaduk Hra O. Asbjörnsen	1	,
Studiosf. Júris Hra Th. Thorgrimsen	3	1
Cand. Medic. Hra J. Thorstenen	2 1/6	,
Cand. Júris Hra Th. Oefiord	3	3
Cand. Júris Hra O. Finsen	,	,
Stud. Theol Hra P. Petersen	,	,
Stud. Ph. Hra Th. Gudmundsen	,	2
	58 1/6	30

B. innanlands hafa eptirskrifadir géfid Félaginu:

	Rbd.	ß.
Ein ónefndur Herra 10 Rbd. 10 Rbd.	20	
Administrat Hra Olsen á Pingeyrum og hans heimilisfólk	21	44

	Rdd.	ß.
Studiosus Mr. Bened. Jónasson á Silja og hans heimafólk	6	76
Jón Jónson Propriet. á Midhópi og hans h. fólk	3	82
Jón Olafsson Bóndi á Hnausum og h. h. f.	2	24
Olafur Bjórnsson Forlik. madr á Beinakéldu	1	
Gudmundur Helgason B. á Reikjum		48
Olafur Olafsson B á Hóli		15
Sigurdur Sveinson B. á Akri		30
Páll Olafsson B á Uppsölum		24
Jórun Olafsdóttir kona á Grof		12
Þorlakur Þorláksson Vinnumadur samast.		12
Jón og Valgerdur búandi á Refsteinst. og Þeirra h. fólk	1	32
Jóhanna Jósepsd. vinnuk. á Grof		24
Gudrún Þorsteinsd. Ekkja á Hólakóti og fleyri Þar		36
Gísli Jóns. Bóndi á Haga og fl. Þar		36
Olafur Olafsson B á Oxl		40
Oluf Benedikzd kona á Geirastödum og fl. Þ.	1	8
Jósep Oddsson B. á Hrappstödum		32
Gudmundur Olafss. B. á Kolgili		32
Olafur Olafss B á Túngunesi		38
Sigfús Bergmann B. á Þorkelshóli	1	
Verninn á Valdarnesi		36
Jóhannes Gudmundss. á Stóruborg		16
Diákn Mr. Hallgrímur Jóns. á Sveinstöd og hans fólk	2	40
Olafur Jónss. B. á Leisingjast. og h. h. fólk	1	
Sira Magnús Arnas. Pr. á Steinnesi og börn hans	1	40
Þorleifur Jóns. B. á Vatnsdalshólum		32
Björn Björnss. B. Breidabólstad		48
Sigridur Magnúsd. á Midhúsum		24
Sigurdur Þórarinss. B. á Valdarási	1	

	Rbd.	ß.
Jón Jónſ. B. á Bjarnaſtødum . .		18
Helga Sveinsd. búandi á Márſtødum og fl. þ.		72
Arni Þorleifsſ. B. á Grundarkoti og h. Børn		50
Gudrún Þorſteinsd búandi á Hjallalandi		54
Steinn Sigfúsſ. B. á Hvammi . .		36
Eggert Jónſ. B. ſamaſt.		48
Jón Gudmundsſ. B. á Eyúlfsſtødum		36
Jón Jónsſ. og Stephan Gudmundsſ. B. B. á Hoſi		36
Sigvaldi Haraldsſ. á Vøglum . . .		12
Jón Bjarnaſon á Þórormstúngu . .		48
Gudrun Þórarinsd. búandi á Haukagili og fl. þ.	2	
Sira Páll Bjarnaſ. Pr. á Undirfelli .	1	
Bjarni Gíslaſ. B á Fløgu		64
Are Jónsſ. B. á Helgavatni og Børn h.		46
Sigrídur Háldórsd. á Hnjúki og fl. þ.		50
Jón Gudmundsſ. á Gaſti í Svínadal		24
Sira Sigvaldi Snæbjørnſ. P. á Grímstúngu og ſonr hans	1	32
Aſſiſtent Mr. Jón Salomonsſ. á Skagaſtrønd	5	
Candidat Mr. Jóhann Thómasſ. ſamaſt.		48
Jón Sigurdsſ. á Staxakoti	1	48
Síra Sæmundur Oddsſ. Pr. á Tjørn á Vatnsneſi	1	

Síra Hallgrímur H. Thorlacius Cap. á Hrafnagile	5	
Mr. Sigfús Hreppſt. á Laugalandi .	4	
— Arni Arnaſ. Hreppſt. á Reiſtará .	1	
— Benedict Bjørnſ. á Hvaſsafelli . .	1	
Sigurdur Jónsſ. B. á Eſpehóli . .	1	
Þorbjørg Jónsd. Eckja á Chriſtneſi .	1	

	Rbd.	ß.
Síra Sigurdur Sigurdss. Pr. á Bægisá	1	
Jón Sigurdss. Forlíkunar madr á Litlahóli	2	
Stephan Stephanss. B. á Anastødum og fleiri þar	2	64
Sigurdur Sveins. B. á Drablastødum	1	48
Gunnlaugur Haldorss. B. á Þórmodstødum	1	
Jón Stephanss. B. á Hrísum og h heimas.	3	78
Jón Jónss. B. á Núpufelle og fl. þar	1	86
Magrét Paulsd. Eckja á Mødruvøllum og fl. þar	2	28
Paull Gunnars. B. samast. og Vinnuk. h.		48
Fridrik Olafss. B. á Kálfagérdi . .		32
Besti Beisdas. og Gudridur Jónsd. á Yrnafellskoti		40
Magnús Arnas. B. á Helgástødum o. fl. þ.	1	72
Svein Þorsteins. B. á Fiósakoti . .		16
Arni Halls. B. á Bjørk og Børn hs.		40
Jón Þorarinss. B. á Finnastødum .		32
Þorsteinn Þorsteinss. B. á Kýhóli .		32
Grímur Asmundss. B. á Eyvindastødum		24
Haldor Jónson Propriet. á Yxnafelli .	2	
Reikníngsfeimjarinn 10 Rbd. 10 Rbd.	20	
Suma	144	36

Þessar Giafir hafa greiddar verid, sumar i Silfurpeníngum reiknudum eptir Cours, sumar í smá Corant, sumar í Riksb. sedlum og sumar í innleggi í Kaupstad, hvar hvorki smá Cúrant, 10 né 8 ß. peníngar gánga meira enn ß. fyrir ß. þó sumt sé hér hærra reiknad.

2. Registur yfir þá sérligustu adstodarmenn Félagsins, til þess ritlinga ytbreidslu:

I Dala sýslu:

Pr. Sr. Gunnlaugur Gunnlaugss. á Kvennabreckn.

I Húnavatns sýslu:

I stad þess sál. Prófasts Sr. Jónasar Benedicts-sonar, hefir núverandi Próf. þar Sr. Jón Jónss. á Audkúlu, heitid Félaginnu sinni adstod.
Administrator B. Olsen á Píngeyrum.
Diákni Hallgr. Jónsson á Sveinstødum.
Hreppstjóri Eggert Jónson á Kyrkjuhvammi.

I Skagafjardar sýslu:

Profastur Sr. Jón Konrádsson á Mælifelli.
Sýslumadr Hra Jón Espolin á Vidvík.
Prestur Sr. Einar H. Thorlacius á Goddølum.

I Eyafjardar sýslu:

Hreppstjóri Sigfús Jónsson á Laugalandi.
— Þorsteinn Gíslas. á Stockahlødum.
— Einar Olafss. á Vøllum.
— Jón Jónss. á Løgmannshlíd.
— Arne Arnas. á Reistará.
Bóndi Stephan Gudmundss. á Arnarstødum.
— Christján Hallgrímss. á Torfufelle.
— Sigurdur Jónss. á Espehóle.
Læris veinn Grímur Grímss. samastadar.
Prestur Sr. Olafur Þorleifss. á Kvíabeck.
Factor Hra Nielsen á Siglufyrdi.

Í Nordur sýslu:

Administr. Dannebr. madr Christjan Jons. á Hugu-stødur.

Prestur Sr. Bjørn Haldórsson í Garde.

Silfur smidur Sigurdur Gudmundss. á Bessa-stødum.

3. Reikningur yfir þess evang. Félags útgéfnu ritninga fjølda, stærd og sv. fr. v.

Nr.	Expl. Tala.	Arkatala. í hvorju	Arkatala. í øllum	Medal verd.	Merk:
Frá 1-12	9413	$29\frac{47}{60}$	22995	10 skr.	Hér fyrir utan er sú óútgéfna sétta skýrsla: um uppruna augamid og s. fr. Smáritá Félaganna í heiminum 800 Expl. á $1\frac{1}{2}$ arki.
13	800	1	800		
14	800	$1\frac{3}{4}$	1400		
15	800	2	1600	$3\frac{1}{3}$	
16	800	$\frac{3}{4}$	600		
17	800	$2\frac{1}{4}$	1800		
18	800	4	3200		
19	800	$1\frac{1}{4}$	1000		
20	800	$\frac{1}{2}$	400	3	
21	800	$1\frac{1}{4}$	1000		
22	800	1	800		
	17413	$45\frac{8}{15}$	35595	$16\frac{1}{3}$ skr.	

Hér sést arkatala, gjörð til fiska, á sama hátt, sem við hinn fyrri reikníng, verður 8898 fisk.
Þar frá dregnir, eptir sama reiknúngi . 1536 —
skilja eptir . . . . 7362 fisk.

Hvörjir nær gjörast til penínga, eptir nærstl. vetur (þá ritin vóru útbreidd) gildandi vöru prísum koma upp 536 Rbd. 78 ß.

4. Reikníngur yfir inntekt og útgift Félagsins, frá útgaungu Augusti 1818 til þess í sama mund 1820.

Inntekt:		Rbd.	ß.
A. eptir þeim fyrra Reikníngi .		1214	48 4/7
B. í Gjöfum viðbætst síðan			
Frá Studentum við Háskólann:	88 Rd. 16 ß.		
Frá prestum á Fjóni	23 — 24 -		
Frá innlendsku fólki	144 — 36 -	255	76
C. Forskot Kaupmanna	186 — 26 -		
Lán frá Gr. Hammerich	136 — • -		
Lán frá Km. Gudmann	100 — • -	522	26
D. andvirði seldra og óseldra Fél. rita		536	78
Inntektar Summa		2529	36 4/7

Utgift:	Rbd.	ß.	Rbd.	ß.
A. kostnadar til Ritanna			2529	$36\frac{4}{7}$
Nr. 1 til 12 eptir fyrra				
reikíngi	1482	65		
B. til Nr. 13 til 22				
a. fyrir $31\frac{1}{2}$ rís pappírs:				
156 Rd. „ ß.				
b. — prentun $15\frac{3}{4}$ arka:				
225 Rd. 48 ß.				
c. — umbúdir 8 — „ -				
	389	48		
C. jafngildi forskota og láns	522	26		
á svo Félagid til góda	134	$89\frac{4}{7}$		
Jafnar Summur	2529	$36\frac{4}{7}$	2529	$36\frac{4}{7}$

Eptir ad þessi Reikníngur saminn var, hefir sú glediliga fregn borist med vissu, ad Félagi voru séu af engelskum, enn ad nýu, gefin 20 Pd. Sterl. og ad þau allareidu víxlud séu í Kaupmannahöfn fyrir 226 Rbd. 64 ß., sem sídar l. G. skal til reiknings koma.

Mødrufelle þ. 21 Aug. 1820.

undirskrifar Félagsins vegna
Jón Jónsson.

Reikníng þennan höfum vid undirskrifadir — vid ad sammanbera hann vid skyrteini þau hann saminn er eptir — rigtugann fundid.

Eyafyrde þ. 22 Aug. 1820.

Briem. Magnus Erlendsson.

Að auki framantalinna gjafa til Félagsins frá innlendskum, hafa rétt nýliga viðbætst frá þeim velupplýsta manni Hreppstjóra Eggert Jóns-syni á Kyrkjuhvammi í Hunavatns sýslu 4 gl. Spec.

Og gégnum sama mann frá ónefndum sönn-um vísdóms heidrara á Breidafjardar Eyum: 10 Rbd R. S.

Frá Hreppstjóra Þorsteini Gíslasyni í Eyá-fyrdi, og ödrum . . . . . . 1 Rbd. R. B.



Kaupmannahöfn 1821.

Prentad hjá Þorsteini E. Rangel.